

1 Fjárlaganefnd

2 Hið opinbera, ríki og sveitarfélög, standa frammi fyrir áskorunum vegna hárrar
3 verðbólgu og viðkvæmrari stöðu í heimsáttum. Halda þarf vel utan um opinberan
4 rekstur svo ríki og sveitarfélög verði í stakk búinn til að takast á við þær óvæntar
5 áskoranir sem mögulega eru framundan sem og óvænt áföll í framtíðinni.
6 Þörf er á mikilli festu og aga í fjármálum ríkis og sveitarfélaga. Markmið ríkisins á að
7 vera lág skuldastaða og hagkvæmur rekstur. Þannig er ríkissjóður best í stakk búinn til
8 að takast á við áföll. Markmiðið á að vera að lækka skuldir ríkisins sem hlutfall af
9 landsframleiðslu svo og að lækka lögbundið skuldahlutfall sveitarfélaga af tekjum.
10 skuldir ríkisins verði undir 20% sem hlutfall af landsframleiðslu innan 4 ára og
11 markmið að skuldir sveitarfélaga verði innan við 100% af tekjum innan 7 ára. lækka
12 skuldir ríkisins sem hlutfall af landsframleiðslu svo og að lækka lögbundið
13 skuldahlutfall sveitarfélaga sem hlutfall af tekjum. Sterk fjárhagsleg staða og agi er
14 grundvöllur stöðugleika til framtíðar. Vegna ábyrgðar sveitarfélaga á B-hluta, sem oft er
15 í einokunarstarfsemi, verða sveitarfélög að gæta að óhóflegri og ósjálfbærri
16 skuldsetningu til rekstrar A-hluta sem á endanum er á ábyrgð útsvarsgreiðenda. Sterk
17 fjárhagsleg staða og agi í rekstri er grundvöllur stöðugleika til framtíðar.

18 Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að forsenda góðrar þjónustu og öflugs
19 efnahagslífs séer jafnvægi í fjármálum hins opinbera. Svo til þess að það markmið náist
20 er mikilvægt að bæta alla áætlanagerð og tryggja að sú vinna byggji á traustum gögnum.
21 Sérstaklega er bent á að tryggj sé að g. Gagn sveitarfélaga þurfa að vera séu samræmd
22 þannig að heildstæð mynd náist af rekstri sveitarstjórnarstigsins.

23 Jafnframt þarf að tryggja gagnsæi og samræmi upplýsinga um fjármál hins opinbera
24 þannig að fjölmiðlar og almenningur geti fái veitt aðhald með eðlilegum hætti. Uppgjör
25 og framsetning gagna einstakra stofnana ríkis og sveitarfélaga þarf að samræma sem
26 mest til að auðvelda samanburð og þar með aðhald.

27 Opnber fjármál ríkis og sveitarfélaga

28 Laun eru stærsti útgjaldaliður ríkis- og sveitarfélaga. Almennur markaður á að leiða
29 launahækkunar og tryggja þarf að ríki og sveitarfélög séu ekki leiðandi í hækkunum
30 launa og annarra starfskjara. Launahækkunar verða að byggja á aukinni framleiðni og
31 geta ekki til lengri tíma grundvallast á aukinni skattheimtu og ríkisútgjöldum.

32 Innleiða þarf strangari fjármálareglur sveitarfélaga og samræma þær lögum um -og til
33 að minnsta kosti 5 ára þannig að tilgangur laga um opinber fjármál nái einnig til
34 sveitarfélaga sem og fyrirtækja í eigu sveitarfélaga. Jafnframt þarf að setja tak mörk á
35 breytingu þjónustugjalda sveitarfélaga og stofnana þeirra, hvort sem um er að ræða
36 sveitarfélög eða félög og fyrirtæki í eigu þeirra, þannig að gjöldin séu í samræmi við
37 kostnað við að veita þjónustuna.

38 Mikilvægt er að tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga sé til reglulegrar endurskoðunar og
39 tryggt sé að sú skipting endurspegli raunverulegan kostnað þessara aðila við þau
40 verkefni sem lög fela þeim að sinna. Endurskoða þarf álagningagrunn fasteignagjalda.
41 Stofn og breytingar fasteignamats endurspeglar hvorki þörf né breytingar á þeim
42 kostnaði sem sveitarfélög bera af þeirri þjónustu við fasteignaeigendur.

43 Í ljósi þess hversu húsnaðismarkaður vegur þungt í mælingum á verðbólgu er
44 mikilvægt að skipulagsfyrirvöld, einkum sveitarfélögin, tryggi framboð byggingarlands
45 og þar með að framboð af nýju húsnaði sé í samræmi við eftirspurn. Jafnframt er það
46 skylda sveitarfélaga að tryggja lóðaframboð þannig að ungt fólk og tekjulítið eigi
47 möguleika á því að koma sér upp eigin húsnaði.

48 **Reksturútgjöld ríkis og sveitarfélaga**

49 Langtíma-jafnvægi í ríkisfjármálum og sterk fjárhagsstaða hins opinbera ríkissjóðs, og
50 sterk staða sjóða sveitarfélaga er ein meginforsenda öflugs efnahagslífs, lágra vaxta og
51 stöðugleika í gjaldeyrimálum. Nú sem endranær þarf því að gæta aðhalds í útgjöldum
52 ríkis og sveitarfélaga. Halda þarf aftur af skuldasöfnun ríkissjóðs og mikilvægt er að það
53 takist að lækka skuldir hins opinbera jafnt og þétt. Óásættanlegt er að byrðum verði velt
54 yfir á herðar komandi kynslóða. Skerpa þarf stefnumótun í opinberum fjármálum
55 þannig að tryggt sé að fjármunir skattgreiðenda séu nýttir með hagkvæmum hætti og
56 renni fyrst og fremst í lögbundna þjónustu, til þeirra sem þurfa á henni að halda.

Formatted: Font: Cambria, 12 pt

Formatted: Space After: 8 pt

Formatted: Font: Cambria, 12 pt

57 Þróa þarf betur árangursmælingar þannig að horfið sé frá því að mæla aðeins árangur í
58 útgjöldum en í þess í stað teknir upp árangursmælikvarðar sem endurspegla gæði
59 þeirrar þjónustu og ánægju þeirra sem hana þiggja.

60 Auka þarf á næstu árum fjármagn til uppbyggingar ýmissa innviða í íslensku samfélagi.
61 Nauðsynlegt er í þeirri uppbyggingu að nýta kosti einkaframtaksins í samstarfi við ríki
62 og sveitarfélög. Lífeyrissjóðir landsmanna þurfa að eiga möguleika á fjárfestingum í
63 arðbærum innviðaverkefnum. Mikilvægt er að skapa traustan ramma utan um slíkt
64 samstarf og tryggja þjóðfélagslega sátt um tekjuforsendur slíkra verkefna.

65 Gæta ber þess að ríki og sveitarfélög standi ekki í samkeppnisrekstri við einkaaðila og
66 stefna skal markvisst að því að ríki og sveitarfélög losi sig úr öllum slíkum rekstri.
67 Mikilvægt er að í þeim tilfellum þar sem ríki og sveitarfélög stunda samkeppnisrekstur
68 sé tryggt að eðlileg arðsemiskrafa sé gerð til fyrirtækja í eigu hins opinbera þannig að
69 slík fyrirtæki starfi í eðlilegu rekstrarumhverfi.

70 Mörk á milli reksturs ríkisins annars vegar og sveitarfélaga hins vegar þurfa að vera
71 skýr þannig að hægt sé að veita eðlilegt aðhald og ljóst sé hver beri ábyrgð á þeirri
72 þjónustu sem ber að veita.

73 Ríki og sveitarfélög eiga að leitast við að nýta tæknilausnir til að auka skilvirkni og veita
74 betri þjónustu með lægri kostnaði.

75 **Verðbólga**

76 Eitt helsta viðfangsefni fjármálastefnu hins opinbera er að styðja við peningamálastefnu
77 Seðlabanka Íslands og tryggja að almenn hagstjórn stuðli að lækkun verðbólgu og í
78 framhaldi að efnahagslegum stöðugleika.

79 Verðbólga bitnar verst á þeim sem minnst hafa milli handanna en auk þess dregur
80 verðbólga úr verðmætasköpun þegar til lengri tíma er litið. Mikilvægt er að ná tókum á
81 verðbólgunni og tryggja þannig í sessi þann kaupmátt sem áunnist hefur á undanförunum
82 árum.

83 Markmiðið er að verðbólga sé innan þeirra marka sem Seðlabanki Íslands setur og allar
84 ákvarðanir eiga að miða að því markmiði.

85 Í ljósi þess hversu þungt húsnæðismarkaður vegur þungt í mælingum á verðbólgu er
86 mikilvægt að skipulagsfyrvöld, einkum sveitarfélögin, tryggi framboð byggingarlands

87 og þar með að framboð af nýju húsnæði sé í samræmi við eftirspurn. Jafnframt er það
88 skylda sveitarfélaga að tryggja lóðaframboð þannig að ungt fólk og tekjulítið eigi
89 möguleika á því að koma sér upp eigin húsnæði.

90

91 **Lækkun skatta og opinberra gjalda**

92 Samkeppnishæfni Íslands á alþjóðlegum vettvangi er grundvallarforsenda fyrir bættum
93 lífskjörum. Eitt af lykilatriðum til þess að efla samkeppnishæfni Íslands er að lækka
94 skatta á einstaklinga og fyrirtæki.

95 Skattkerfið hefur tekið jákvæðum breytingum undir forystu Sjálfstæðisflokksins og
96 fagna ber þeim áföngum sem þegar hafa náðst.

97 Lækka þarf virðisaukaskattshlutfallið og einfalda virðisaukaskattkerfið ~~til dæmis með~~
98 ~~sameiningu skattþrepa í eitt skattþrep~~. Lækka þarf tekjuskatt á einstaklinga og
99 íþyngjandi gjöld eins og tryggingagjaldið enn frekar á fyrirtæki. Mikilvægt er að
100 endurmeta reglulega leiðir og aðferðir til að koma í veg fyrir skattaundanskot.

101 **Útvistun verkefna**

102 Skoða þarf hvað af þeim verkefnum sem nú eru á hendi ríkisins og sveitarfélaga væri
103 betur fyrir komið hjá öðrum aðilum. Ríkið og sveitarfélög ~~hefur hafa~~ fjölmörg tækifæri
104 til að færa þjónustu yfir til einkaaðila og tryggja um leið betri þjónustu og jafnræði
105 borgaranna óháð efnahag ~~og eða~~ búsetu. Leggja þarf áherslu á að forgangsraða
106 verkefnum og gera þarf notendum opinberrar þjónustu kleift að velja veitanda
107 þjónustunnar óháð rekstrarformi, þar sem því verður viðkomið.

108 Í stað þess að fjölga opinberum störfum eiga ríki og sveitarfélög að ~~fela rýmka til fyrir~~
109 einkaaðilum ~~þannig að þeir geti tekið~~ að ~~taka að~~ sér verkefni og stuðlað að nýsköpun í
110 opinberri þjónustu með auknu kostnaðarhagræði og bættu þjónustuframboði.

111 ~~Ein ff~~Forsenda þess að bæta nýtingu þeirra fjármuna sem skattgreiðendur verja til
112 verkefna hins opinbera er að einkaaðilar komi í ríkari mæli að því að veita opinbera
113 þjónustu. Framþróun og nýjungar ásamt hagkvæmari lausnum eru knúnar áfram af
114 samkeppni, hugviti og framtakssemi einstaklinga. Skattgreiðendur eiga rétt á því að
115 ætíð sé leitað bestu leiða til að tryggja sem best gæði opinberrar þjónustu.

116 Fyrirtæki á vegum ríkis og sveitarfélaga eiga að hafa að meginreglu að bjóða út
117 verkefni. Fyrirtæki ríkis- og sveitarfélaga og stofnanir sem heyra þar undir, eiga ávallt
118 að velja það sem fyrsta kost að bjóða út verkefni og ætíð að kanna hvort þjónustunni sé
119 betur farið í höndum einkaaðila.

120 Koma þarf í veg fyrir að útgjöld vegna tímabundinna verkefna verði að varanlegum
121 útgjöldum ríkisins og þar með hærri álögum á einstaklinga og fyrirtæki til lengri tíma.

122 **Sala ríkiseigna, eigna sveitarfélaga og útvistun verkefna sveitarfélaga**

123 Áframhald verði á haldið við sölu eigna ríkis og sveitarfélaga þar sem því verður við
124 komið. Tryggja þarf að sala eigna ríkis og sveitarfélaga eigna sé þannig framkvæmd að
125 öllum kröfum um gagnsæi og jafnræði sé fullnægt á sama tíma og að ríkissjóður fái sem
126 hæst sanngjarnt verð fáið fyrir eignirnar sínar. Slíkar sölur afla ekki einungis hinu
127 opinbera ríkissjóði tekna, þær eru til þess fallnar að leysa úr Sala á eignum hins opinbera
128 leysir úr læðingi nýsköpun og bætirta þjónustu og aftar tekna fyrir neytendur. Selja
129 skal fyrirtæki í eigu sveitarfélaga sem eru í samkeppnisrekstri.

130
131 Eftirfarandi rekstur og fyrirtæki á ríkið að setja í forgang að koma í sölufæri eða leggja
132 af:

- 133 ○ Íslandsbanka og Landsbankinn: Ríkið á ekki að vera í áhættutöku og
134 samkeppnisrekstri á fjármálamarkaði.
- 135 ○ Áfengis og tóbaksverslun ríkisins: Það er tímaskekkja að ríkið standi í rekstri
136 smásöluverslana
- 137 ○ Íslandspóstur: Umhverfi pósthjónustu hefur breyst mjög mikið síðustu áratugi
138 og tímabært til að endurskoða hlutverk ríkisins á þessum vettvangi.
- 139 ○ Ríkisútvarpið: Tilgangur og hlutverk Ríkisútvarpsins hefur breyst. Mikilvægt
140 er að endurskoða forsendur og umfang núverandi rekstrarfyrirkomulags með
141 það að markmiði að kanna hvort rekstrinum sé að öllu leyti eða hluta til betur
142 komið í höndum einkaaðila.
- 143 ○ Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf.: Endurskoða þær fjárfestingar sem tilheyra
144 félaginu og eru betur komnar í höndum einkaaðila.
- 145 ○ Rekstrareiningar og eignarhaldi flugstöðva, þar sem það á við, og flugvalla

146

- Sala á jörðum og lóðum ~~í eigu ríkis og sveitarfélaga~~ þar sem því verður við komið.

147

DRÖG